

ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?

ÉG ♥
ÞINGEYJARSVEIT




ÁGÚST 2025



Líney Rut Sigurðardóttir, Snjólaug Helga Árdal og Margrét Lilja Árdal í Lokastaðarétt 2024

LOKSINS RÉTTIR!

Fjárréttir í þingeyjarsveit 2025	Dagsetning / tímasetning
Árrétt í Bárðardal	7. september kl. 09
Baldursheimsrétt í Mývatnssveit	7. september kl. 10
Fótarrétt í Bárðardal	1. september kl. 9
Hlíðarrétt í Mývatnssveit	7. september kl. 10
Hraunsrétt í Aðaldal	7. september kl. 10
Lokastaðarétt í Fnjóskadal	14. september kl. 09
Mýrarrétt í Bárðardal	30. ágúst kl. 08
Víðikersrétt í Bárðardal	6. september kl. 5



Birt með fyrirvara um breytingar.

FRAMKVÆMDAFRÉTTIR

Framkvæmdir í Þingeyjarsveit hafa gengið vel fyrir sig í sumar og hefur verið unnið að ýmsum verkefnum á vegum sveitarfélagsins. Lögð hefur verið áhersla á viðhald og endurbætur á húsnæði, skólamannvirkjum og innviðum ásamt undirbúningi nýrra verkefna. Með því hefur tekist að bæta aðstöðu bæði fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins. Helstu framkvæmdir sumarsins eru þessar:

- Hlíðarvegur – Áætlað er að lagfæringum á húsnæði sveitarfélagsins ljúki í september.
- Iðnbær Laugum – Málun lokið.
- Íþróttamiðstöð Reykjahlíðar – Framkvæmdir við bráðabirgðaráðstafanir vegna þakleka ásamt lagfæringum við brunaútgang.
- Ýdalir – Endurnýjun búningsklefa, stefnt að verklokum 5. september.
- Þingeyjarskóli – Endurnýjun snyrtinga að ljúka.
- Undirbúningur fyrir malbikun lokaáfanga göngu- og hjólreiðastígs við Mývatn ásamt gangstéttum við Klappahraun á loka metrum, malbikun á næstu vikum.
- Hönnun og samningagerð fyrir næstu áfanga göngu- og hjólreiðastígs í undirbúningi. Það eru áfangar frá:
 - Reykjahlíðarþorp → Flatskali
 - Skútustaðir → Olnbogaás
- Leikskólinn Tjarnaskjól – Endurhönnun að mestu lokið, vinna við útboðsgögn stendur yfir.
- Stórutjarnaskóli – Hafið ferli við endurnýjun þaks.
- Hitaveituframkvæmdir við Hraunveg – Stefnt að verklokum og frágangi um miðjan september.

STUÐNINGSFULLTRÚI / SKÓLALIÐI ÓSKAST Í REYKJAHLÍÐARSKÓLA

Reykjahlíðarskóli leitar eftir karlmanni í starf stuðningsfulltrúa/skólaliða við Reykjahlíðarskóla. Um er að ræða allt að 100% blandað starf við stuðning, gæslu m.a. í búningsklefa drengja og þrif. Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling með góða samskiptahæfileika gagnvart börnum og unglingum í leik og starfi.



UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 10. SEPTEMBER 2025.

Nánari upplýsingar hér



Þingeyjarsveit

BARNALÁN Í ÞINGEYJARSVEIT

Í sumar heimsótti Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri, foreldra nokkurra nýfæddra barna í sveitarfélaginu og færði þeim gjafir í tilefni komu litlu kríllanna. Gjafirnar eru hluti af nýrri hefð sveitarfélagsins. Markmiðið er að sýna fjölskyldum hlýju og samhug, styðja við þau á þessum mikilvæga tíma og jafnframt leggja áherslu á jákvæð umhverfisáhrif. Gjafirnar (sem sjást á forsiðu fréttabréfsins) eru bæði hagnýtar og umhverfisvænar og eru hluti af stefnu sveitarfélagsins um sjálfbæra og samfélagslega ábyrgð.

„Við viljum fagna nýjum íbúum og sýna foreldrum að samfélagið stendur með þeim. Það er bæði gleðilegt og mikilvægt að styðja við fjölskyldur strax frá byrjun,“ sagði Ragnheiður Jóna um heimsóknir sínar.

Innilegar hamingjuóskir með litlu dásæmdar börnin kæru foreldrar og fjölskyldur, megi þau dafna vel!



Malín Agla Kristjánsdóttir og Garpur Örn Svavarsson
í Skógum í Fnjóskadal.



Halldóra Gígja Snorradóttir stóra systir, Oddrún Inga
Marteinsdóttir og Harpa Vordís Snorradóttir lúrir í
vagninum á Lækjamóti.

NÝR STARFSMAÐUR

Huld Aðalbjarnardóttir hefur verið ráðin í stöðu skólastjóra Reykjahlíðarskóla. Huld er grunnskólakennari að mennt og hefur mikla og víðtæka reynslu af skólamálum, m.a. var hún skólastjóri Öxafjarðarskóla 2000-2008 og gegndi starfi fræðslu- og menningarfulltrúa Norðurlágs 2008-2013. Hún starfaði einnig lengi sem skrifstofu- og fjármálastjóri Framsýnar stéttarfélags.

Við bjóðum Huld innilega velkomna til starfa og hlökkum mjög til samstarfsins.



FULLTRÚAR FRÁ SAMBANDI ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA Í HEIMSÓKN

Þann 18. ágúst sl. heimsóttu fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Þingeyjarsveit. Fundurinn fór fram á Hlöðuloftinu á Grenjaðarstað þar sem sveitarstjórnarfulltrúar tóku á móti gestunum ásamt Margréti Hólm, staðgengli sveitarstjóra.

Áður en fundurinn hófst bauð Árni Pétur, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og sveitarstjórnarfulltrúi, hópnum að ganga um hið sögufræga umhverfi á Grenjaðarstað og kynnti fyrir þeim gamla bæinn og Grenjaðarstaðarkirkju.

Á fundinum fór fram gott og gagnlegt samtal um þau málefni sem helst liggja sveitarstjórn og íbúum á hjarta og hvernig Sambandið geti beitt sér fyrir hagsmunum sveitarfélagsins og íbúa þess.

Heimsóknin var ánægjuleg og þykir mikilvægur liður í því að efla samstarf og gagnkvæman skilning á milli sveitarfélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.



ERT ÞÚ Á ALDRINUM 15 -25 ÁRA?

Hefur þú áhuga á að hitta annað fólk á sama aldri yfir eina helgi til að ræða málefni ungs fólks?

Ungmennaráð UMFÍ tilkynnir með stolti að ungmennaráðstefnan UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA 2025 fer fram dagana 12. – 14. september á Reykjum í Hrótafirði.

Þetta er viðburður fyrir allt ungt fólk á aldrinum 15 – 25 ára. Engin skylda er að vera í ungmennaráði eða einhverju ákveðnu félagi. Allt ungt fólk á tilsettu aldursbili er velkomið ❤️



Hér má finna nánari upplýsingar:

Hér má fylgjast með viðburðinum á Facebook.



Co-funded by
the European Union



Stórutjarnaskóli



Erasmus+ verkefnið
We-Við-Meie kynnir

OPÍÐ HÚS

Í STÓRUTJARNASKÓLA

10. sept. | MIÐVIKUDAGUR | kl. 13-14

Þátttakendur í Erasmus+ verkefninu
We-Við-Meie kynna og sýna
afrakstur vinnu sinnar.

Tónlistaratriði og léttar veitingar.

Öll hjartanlega velkomin.

AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI ÓSKAST!

Leikskólinn Ylur í Mývatnssveit auglýsir stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Um er að ræða gefandi og skemmtilegt stjórnunarstarf í góðu starfsumhverfi barna og fullorðinna. Tækifæri til faglegar starfsþróunar og þátttaka í þróun á starfinu. Leitað er að leikskólakennara með leiðtogahæfileika sem er tilbúinn að taka þátt í að leiða áfram metnaðarfullt og faglegt starf leikskólans.



Þingeyjarsveit



Umsóknarfrestur er til 11. september 2025

Nánari upplýsingar hér

VEL HEPPNUÐ KYNNING Á HOFSTÖÐUM

Kynning á Vettvangsakademíunni á Hofstöðum í Mývatnssveit fór fram miðvikudaginn 6. ágúst við frábærar aðstæður. Gestir nutu bæði fróðleiks og góðrar stemningar í hlýju og mildu veðri.

Fornleifafræðingarnir Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson leiddu gesti um svæðið og sögðu frá bæði nýjustu rannsóknunum og hinni merku sögu Hofstaða. Þar má meðal annars finna minjar um búsetu frá landnámstíð, þar á meðal veisluskála frá 10. öld sem er stærsta hús sem grafið hefur verið upp á Íslandi og á við stærstu hús Norðurlanda frá sama tíma. Að auki hafa meðal annars verið grafin upp kirkja og kirkjugarður og nú standa yfir rannsóknir á bæjarhólnum, fornri smiðju og mögulegum kumlategi.

Vettvangsakademían á Hofstöðum er samstarfsverkefni Háskólans á Hólum, Háskóla Íslands og Minjastofnunar Íslands, í samvinnu við Urðarbrunn menningarfélag, Hið þingeyyska fornleifafélag og Þingeyjarsveit. Markmið hennar er að skapa þverfaglegan vettvang fyrir rannsóknir, kennslu og miðlun menningararfs í bland við ferðamálafræði og hönnun.

Viðburðurinn sýndi glögggt áhuga almennings á að kynnast menningararfi svæðisins og tækifærunum sem felast í að gera hann aðgengilegan fyrir alla.



Góð mæting á áhugaverðan viðburð!



Allir 60 ára og eldri hvattir til að mæta.

LEIKFIMI ELDRI BORGARA Í MÝVATNSSVEIT

Boðið verður upp á leikfimi fyrir eldri borgara í íþróttamiðstöðinni í Reykjahlíð í vetur. Þjálfari verður Ásta Price og verða tímarnir eftirfarandi:

Mánudagar kl. 12:30 -13:30

Fimmtudagar kl. 12:30 - 13:30

Tímarnir hennar Ástu er skipulagðir með eldri borgara í huga og leggur hún áherslu á að auka styrk, liðleika og jafnvægi. Fyrsti tími vetrarins verður mánudaginn 15. september.



FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

SEPTEMBER

- 4. Fræðslu- og velferðarnefnd
- 11. Sveitarstjórn
- 15. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
- 16. Íþróttu- og tómstundarnefnd
- 17. Skipulagsnefnd
- 18. Umhverfisnefnd
- 25. Sveitarstjórn

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu
fundargerðir.

Allar fundargerðir nefnda má finna
á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@is.is - t: 8953356

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist
rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar
og kemur að jafnaði út vikulega.

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í september:

**Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og
framkvæmdasviðs**

Alla þriðjudaga.

Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi

Alla þriðjudaga.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir
samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið:
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800



Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins **HÉR** og fáðu allar
fréttir sendar beint til þín!